



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Hjúkrunarheimilið Eir, b.t. Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík	6. nóvember 2012	12100095 11.02 LÖ/bb

Vísað er til tveggja erinda stjórnar Eirar, dags. 12. þ.m., þar sem þess er farið á leit að Ríkisendurskoðun kanni ástæður þess fjárhagsvanda, sem Eir stendur frammi fyrir, einkum þó atriðum er tengjast Húsrekstrarsjóði Eirar.

Til svars erindinu skal tekið fram að hjúkrunarheimilið Eir er sjálfseignarstofnun, sem starfar á grundvelli staðfestrar skipulagsskrár nr. 510/2011, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Markmið og hlutverk Eirar er að veita umönnun, hjúkrun og aðra skylda þjónustu m.a með því að reisa og reka hjúkrunarheimili. Rekstur Eirar skiptist í tvo megin þætti, annars vegar rekstur Hjúkrunarheimilisins Eirar og hins vegar rekstur Húsrekstrarsjóðs Eirar. Þar sem ríkið kostar og ber að miklu leyti rekstrarlega ábyrgð á hjúkrunarheimilinu sem slíku er á grundvelli 3. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997 rekstri þess haldið aðskildum frá öðrum rekstrarþáttum sjálfseignarstofnunarinnar. Húsrekstrarsjóður Eirar á og rekur fjölda búseturéttar eða leigubúseturéttar íbúða í Reykjavík. Í samræmi við framangreind skilyrði fjárreiðulaga er rekstur hans og fjárhagur aðskilinn frá rekstri hjúkrunarheimilisins.

Starfsemi Ríkisendurskoðunar er lögbundin sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt 6. gr. þeirra ber stofnuninni að endurskoða reikninga ríkisaðila og reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni, sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir. Skv. 9. gr. laganna tekur heimild stofnunarinnar til að framkvæma stjórnarsýsluendurskoðun einnig til þeirra ríkisaðila og rekstrarverkefna, sem um ræðir í 6. gr. Önnur verkefni en þau sem beinlínis eru lögbundin lítur stofnunin á hinn bóginn svo á að henni sé óheimilt að taka að sér. Rétt þykir að geta þess að þó svo að Ríkisendurskoðun hafi ákveðnu upplýsingar- og eftirlitshlutverki að gegna skv. lögum nr. 19/1988 felst það hvorki í endurskoðun eða rannsóknnum á fjárhagsörðugleikum sjálfseignarstofnana þeirra, er undir lögin heyra.

Samkvæmt framansögðu tekur endurskoðunarumboð Ríkisendurskoðunar einungis til hjúkrunarhlutans í rekstri Eirar, þ.e.a.s. þess þáttar sem ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við samkvæmt þjónustusamningi við stjórnvöld. Stofnunin telur sér hins vegar óheimilt að taka að sér fjárhagslega úttekt á fjárhagsvanda Húsrekstrarsjóðs Eirar, enda er rekstur hans óviðkomandi ríkissjóði. Með vísan til þessa er framangreindri beiðni stjórnar Eirar um að Ríkisendurskoðun taki að sér úttekt á fjárhagsvanda stofnunarinnar því synjað.


